

Grænt bókhald

Skýrsla
2012



Efnamóttakan hf.
kt. 691298 – 2729
Flokkur 5
Gufunesi
112 Reykjavík

Staðfesting stjórnar.

Stjórn Efnamóttökunnar hf. samþykkti umhverfisstefnu 10. október 2003 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins.

Skráning græns bókhalds er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum í starfsemi fyrirtækisins sem hafa á áhrif á umhverfið og setja sér ný markmið í umgengni okkar um umhverfi og auðlindir.

Starfsemi fyrirtækisins var með venjubundum hætti á árinu 2012.

Framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar hf. staðfestir hér með fyrir hönd stjórnar skýrslu um grænt bókhald.

Jón H. Steingrímsson
framkvæmdastjóri.



| Efnisyfirlit | Bls. |
|--|---------|
| Staðfesting stjórnar | bls. 2 |
| Áritun endurskoðenda | bls. 3 |
| Inngangur | bls. 4 |
| Almennar upplýsingar um fyrirtækið | bls. 5 |
| Hlutverk Efnamóttökunnar hf. | bls. 5 |
| Umhverfismál Efnamóttökunnar hf. | bls. 7 |
| Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi | bls. 8 |
| Lokaorð | bls. 8 |
| Viðauki nr. 1 | bls. 9 |
| Viðauki nr. 2 | bls. 10 |
| Viðauki nr. 3 | bls. 11 |
| Viðauki nr. 4 | bls. 12 |



Inngangur

Á árinu 2012 urðu ekki afgerandi breytingar hjá fyrirtækinu, hvorki í starfsemi né í umhverfismálum fyrirtæksins.

Grænt bókhald er verkfæri til að halda utan um ákveðna umhverfisþætti og skoða niðurstöður hverju sinni og setja sér ný markmið.

Efnamóttakan hf. þjónustar viðskiptavinum meðal annars með því að reka söfnunarþjónustu og sækja til þeirra úrgang. Bifreiðar sem notaðir eru í þetta verkefni ganga fyrir bensíni, díselolíu og metangasi.

Efnamóttakan hf., var stofnuð 17. desember 1998. Fyrirtækið er í leiguhúsnæði í eigu SORPU bs., og eru mengunarvarnir að hluta sameiginlegar, t.d. frárennsli í gegnum sandsíu. Einnig er kalt vatn á sameiginlegri lögn.

Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um fyrirtækið og hlutverk þess og sagt frá því hvernig umhverfismálum er háttað.



Áritun endurskoðenda.


Til stjórnar Efnamóttökunnar hf.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Efnamóttökunnar hf. fyrir árið 2012 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt upplýsingum um umhverfismál félagsins. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2012 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 20. apríl 2013



Hlutverk Efnamóttökunnar hf.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf. er að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að koma þeim í endurvinnslu eða endurnýtingu eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Efnamóttakan hf. er í samvinnu við örugga og trausta aðila um vinnslu, nýtingu eða eyðingu efna, bæði innanlands og erlendis.

Uppgjörstímabil græns bókhalds

Grænt bókhald hefur sama uppgjörstímabil og ársreikningur félagsins, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Umhverfisstefna.

Stjórn Efnamóttökunnar hf. hefur samþykkt umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

- Að öll aðstaða fyrirtækisins, þ.m.t. byggingar og önnur mannvirki á lóð, lóðafrágangur, frárennsli og ræktun lóðar sé til fyrirmyndar.
- Að öll vinnuaðstaða starfsmanna sé til þess fallin að starfsmönnum líði sem best við störf hjá fyrirtækinu.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé haft að leiðarljósi að lágmarka úrgang og mengun.
- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að efla umhverfisvitund starfsmanna og hvetja til þátttöku.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að lögð verði áhersla á að minnka pappírnotkun í rekstri fyrirtækisins og flokka og endurvinna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.



Almennar upplýsingar um fyrirtækið.

Starfsleyfi

Gildistími fyrir starfsleyfið sem Umhverfisstofnun gefur út er til 1. febrúar 2016 og er það endurskoðað á 4. ára fresti. Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

Fyrirtækið Efnamóttakan hf.

Efnamóttakan hf. var stofnuð þann 17. desember 1998.
Heimilisfang Efnamóttökunnar hf. er Gufunes, 112 Reykjavík.

Eigendur þann 31.12.2012 voru:

Gámaþjónustan hf.

Stjórn var þannig skipuð á árinu 2012

Elías Ólafsson, aðalstjórn (stjórnarformaður)
Gunnar Bragason, aðalstjórn (meðstjórnandi)
Benóný Ólafsson, aðalstjórn (meðstjórnandi)
Sveinn Hannesson, varastjórn

Framkvæmdastjórinn, Jón H. Steingrímsson, starfar í umboði stjórnar á milli stjórnarfunda.

Stöðugildi hjá Efnamóttökunni hf.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var u.þ.b. 12 árinu.



Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi.

| Breyta | eining | 2012 | 2011 | 2010 |
|-------------------------|----------------|---------|--------|--------|
| Rafmagn | kWh | 102.753 | 99.418 | 98.953 |
| Heitt vatn | m ³ | 10.322 | 9.312 | 16.683 |
| Bensín | l | 2.704 | 934 | 645 |
| Metangas * | l | 9.652 | 13.140 | 11.856 |
| Dieselolía | l | 17.072 | 8.031 | 8.654 |
| Plast v/rafgeyma | m ² | 2.000 | 2.000 | 1.000 |
| Brettah. v/rafgr | stk | 100 | 40 | 40 |
| Strekkifilma | m ² | 7.290 | 5.670 | 2.403 |
| Bindivír – tvöf. lykkja | stk | 10.000 | | |
| Bindivír – einf. lykkja | kg | 1.000 | | |

* Magn af metani er gefið upp í lítrum skv. reiknireglu á heimasíðu Metans hf. um jafngildi orkuinnihalds: 1 Nm³ 100% metan = 1,12 L 95-oktan bensín.

Til frekari útskýringar:

- Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum.
- Bindivír er notaður við rúmmálsminnkun á endurvinnsluefnum og er keyptur inn í stykkjatali og kg.
- Aukning í bensíni skýrist af bilun í metanbúnaði sem skýrir einnig minni notkun metans.. Aukning í dieselolíu skýrist af fjölgun á bílum og aukningu í eigin flutningi félagsins.

Kvartanir.

Á árinu komu ekki fram neinar kvartanir en eitt vinnuslys var tilkynnt til vinnueftirlitsins. Sjá viðauka nr. 1 Gögn sem fóru með eftirlitsskýrslu til Umhverfisstofnunar

Lokaorð.

Vernd umhverfis og náttúru er eðli málsins samofin starfsemi Efnamóttökunnar, enda kjarnastarfsemi fyrirtækisins að safna og koma spilliefnum í réttan farveg.

„**Spillum ekki framtíðinni**“ er kjörorð fyrirtækisins og því er það metnaðarmál að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála, að sinna okkar verkefnum eins og best verður á kosið og þróa starfsemina áfram í góðri sátt við yfirvöld og viðskiptavini.

Umhverfismál Efnamóttökunnar hf.

Frárennslismál.

Lokað frárennsliskerfi.

Frárennslis frá vinnusvæði er í lokuðu frárennsliskerfi.

Sjá viðauka nr. 1 og 4 (gögn sem fóru með eftirlitsskýrslu til Umhverfisstofnunar).

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi.

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi er 5m³ að stærð og í henni er 1000 lítra tankur.

Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og í réttan farveg til eyðingar.

Safnþró fyrir affall af útiplani.

Safnþró fyrir affall af útiplani er 2 x 10m³ að stærð og tekur hún við því sem rennur af vinnuplani úti. Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Eftirlit og sýnataka.

Reglulega eru tekin vökvasýni úr safnþró sem send eru á rannsóknastofu til efnagreiningar til að kanna hvort innihald skaðlegra efna sé yfir leyfilegum mörkum. Umhverfisstofnun hefur með höndum reglubundið mengunarvarnaeftirlit með starfseminni og fer meðal annars yfir niðurstöður framangreindra mælinga. Niðurstöður mælinga á árinu reyndust ekki gefa tilefni til athugasemda.

Sjá viðauka nr. 2 og 3 (gögn sem fóru með eftirlitsskýrslu til Umhverfisstofnunar).

Geymsla efna.

Leitast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að lágmarka lagerhald, þ.e.a.s. efnum er komið eins fljótt og auðið er í viðeigandi farveg hvort sem er í endurvinnslu, endurnýtingu eða eyðingu.

Á vinnusvæðinu er fylgt IMO- og ADR- reglum varðandi uppröðun efna og merkingu kara.

Reykingar.

Reykingar eru stranglega bannaðar á vinnusvæði fyrirtæksins.

Viðauki nr. 2

Efnamóttakan hf
b.t. Grétar Viður
Gufunesi
112 Reykjavík



NIDURSTÖÐUR EFNA- OG ÖRVERUGREININGA

Sýni nr.: E-5705-12

| | | | |
|--------------------|--------------------------|-------------------|-----------------|
| Gerð sýnis: | Vatnssýni - Efnamóttakan | Móttekið: | 14.11.2012 |
| Sendandi: | Efnamóttakan hf | Rannsað: | 15.11.2012 |
| Sýnataka: | Efnamóttakan hf | Verkkaupi: | Efnamóttakan hf |

| Nr. sýnis | Merking sýnis | pH | Pta mg/L (ppm) | Cu mg/L | Cd mg/L | Pb mg/L | Zn mg/L | Cr mg/L | Hg mg/L | As mg/L |
|-----------|------------------------------|------|----------------|---------|---------|---------|---------|----------|----------|---------|
| E-5705 | Vatnssýni úr þróm 03.08.2012 | 6,31 | 19 | 0,0061 | 0,0010 | 0,10 | 0,055 | < 0,0050 | < 0,0010 | < 0,050 |

| Nr. sýnis | Merking sýnis | Ni mg/L | Ag mg/L | AOX mg/L | Bensene (BTEX) µg/L | Toluen (BTEX) µg/L | Ethyl-bensene (BETX) µg/L | m/p-xylene (BTEX) µg/L | o-xylene (BTEX) µg/L | sum BTEX µg/L |
|-----------|------------------------------|----------|---------|----------|---------------------|--------------------|---------------------------|------------------------|----------------------|---------------|
| E-5705 | Vatnssýni úr þróm 03.08.2012 | < 0,0050 | < 0,010 | < 0,010 | < 1 | < 1 | < 1 | < 1 | < 1 | E.R* |

Athugasemdir: Málmar, AOX og BTEX voru mæld hjá Eurofins Jena í Þýskalandi.
*E.R (ekki reiknanlegt), öll gildi undir greiningarmörkum

Reykjavík, 5. desember, 2012

Axel Eymundsson
Sjávarútvegsfræðingur

Niðurstöður eiga einungis við um það sýni sem tælt var.
Upplýsingar um aðferðafræði, nákvæmni og næmni aðferða má fá hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni hf.
Öhemilt er að afrita prófunarskýrslur nema í heildu lagi ef ekki liggur fyrir skriflegt samþykki frá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf.
Síða 1 af 1

Viðauki nr. 1

Frárennslismál og mengunaróhöpp

Almennt. Högun frárennsliskerfis á starfsstöð Efnamóttökunnar í Gufunesi er þannig að frárennslí úr niðurföllum á 1. hæð húss fer í sérstakan brunn við vesturgafli sem er lokaður. Í þennan brunn kemur aðeins venjubundið frárennslí. Því er hleypt niður 2-4 sinnum á ári. Vatn og annað sem kemur af plani fer niður um tvö ristarkerfi sem liggja austur-vestur eftir plani. Það efra liggur fyrir ofan/norðan skemmu og það neðra liggur út frá neðra rými skemmu. Niðurföll í skemmu tengjast inn á þessi ristarniðurföll. Hvort um sig er svo með frárennslí í 10 rúmmetra lokaðar öryggisþrær. Vikulega er hleypt úr þeim með því að opna fyrir krana eftir að hafa gengið úr skugga um að ekki hafi komið í þær spilliefni. Þessar öryggisþrær eru að jafnaði hreinsaðar einu sinni á ári. Neðst á efra plani og á neðra plani þar sem spilliefni eru ekki geymd eru olúskiljur sem taka við regn- og þvottavatni. Dæla þarf upp úr olúskiljunum þegar þær hafa fyllst.

Sýnatökur. Tekið er sýni úr frárennslí frá ristum einu sinni á ári eins og starfsleyfi gerir ráð fyrir. Sýnið er sent til rannsóknar. Á síðasta ári var sýni tekið 15. nóvember það ár. Niðurstöður, hér meðfylgjandi sýna að öll mæligildi eru undir leyfilegum mörkum nema hvað varðar **olíu og fitu**. Þar reyndist gildið vera 19 mg/l sem er þó innan skekkjumarka. Hreinsað er upp úr niðurfallsristunum u.b.b. ársfjórðungslega og annast starfsmenn Efnamóttökunnar það verk.

Stjórnun frárennslis úr öryggisþróum. Sem fyrr segir er vikulega hleypt úr öryggisþróum. Verkstjóri gerir það hvern föstudag og skráir niður tímasetningu og hve miklu u.þ.b. var hleypt niður, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Hreinsun öryggisþróar. Sem fyrr segir eru öryggisþrær hreinsaðar reglulega að innan, uppsafnað botnfall tekið og veggir gólf og loft spúlaðir. Á árinu 2012 var önnur öryggisþróun hreinsuð með þessum hætti og fór sú hreinsun fram þann 10. febrúar.

Mengunaróhöpp. Á árinu 2012 urðu engin mengunaróhöpp þannig að spilliefni rynnu ofan í öryggisþrær, hvað þá út í frárennsliskerfi. Við minni háttar óhöpp eru notuð ísogsefni og þannig komið í veg fyrir hættu á að efni berist í frárennslí.

Reykjavík 1. mars 2013

Jón H. Steingrímsson,
framkvæmdastjóri

| Efnamótakan hf. Efnamælingar á frárennslisvatni frá starfsstöðinni í Gufunesi 2003-2012. | | 02.07.2003 | | 20.10.2004 | | 08.12.2005 | | 18.12.2006 | | 27.04.2007 | | 09.11.2007 | | 18.08.2008 | | 27.11.2009 | | 09.12.2010 | | 31.12.2010 | | 16.02.2012 | | 15.11.2012 | | 2004 | | | | | |
|--|--|------------|----------|------------|-------------------|------------|--------|------------|-----------|------------|-----------|-------------------|-----------|------------|-----------|------------|------|------------|------|------------|------|------------|------|------------|------|---------|------|-------------|----------|-------|--|
| Rannsóknarstöðunum | | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | Sym.ehf | Plan | Sym.ehf | Plan | Sym.ehf | Plan | Sym.ehf | Plan | Sym.ehf | Plan | Sym.ehf | Plan | Starfsleyfi | Einingar | | |
| Efnasambönd | | Plan | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | ITI | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | Plan | | |
| Kopar | | <0.04 | 0.183 | 0.037 | 0.098 | <0.05 | <0.07 | <0.01 | <0.08 | <0.020 | <0.0002 | <0.010 | <0.0010 | <0.0061 | <0.0010 | | | | | | | | | | | | | | 0.5 | mg/l | |
| Kadmium | | <0.01 | 0.004 | <0.02 | <0.01 | <0.01 | <0.01 | <0.01 | <0.01 | <0.0002 | <0.0002 | <0.0010 | <0.0010 | 0.0061 | 0.0010 | | | | | | | | | | | | | | 0.1 | mg/l | |
| Bly | | 0.42 | 1.72 | 0.12 | 11.6 ² | <0.05 | <0.1 | 0.12 | 0.30 | 0.30 | 0.40 | 0.40 | 0.10 | 0.10 | 0.10 | | | | | | | | | | | | | | 0.1 | mg/l | |
| Sínk | | 1.6 | 4.56 | 0.28 | 0.78 | 0.02 | 0.11 | 0.88 | 0.19 | 0.024 | 0.024 | 0.024 | 0.055 | 0.055 | 0.055 | | | | | | | | | | | | | | 2.0 | mg/l | |
| Króm | | <0.04 | 0.015 | <0.04 | <0.05 | <0.02 | <0.06 | <0.01 | <0.005 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | | | | | | | | | | | | | | 0.5 | mg/l | |
| Kvikasilfur | | <0.05 | 0.000791 | <0.03 | <0.03 | <0.02 | <0.02 | <0.02 | <0.000050 | <0.000050 | <0.000050 | <0.000050 | <0.000050 | <0.000050 | <0.000050 | | | | | | | | | | | | | | 0.05 | mg/l | |
| Arsen | | <0.04 | <0.04 | <0.01 | <0.1 | <0.09 | <0.09 | <0.05 | <0.05 | <0.001 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | | | | | | | | | | | | | | 0.5 | mg/l | |
| Nikkel | | <0.06 | 0.121 | <0.04 | <0.03 | <0.05 | <0.05 | <0.05 | <0.05 | <0.005 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | <0.0050 | | | | | | | | | | | | | | 1.0 | mg/l | |
| Sifur | | <0.04 | 0.119 | <0.03 | <0.04 | <0.03 | <0.03 | <0.03 | <0.08 | <0.005 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | | | | | | | | | | | | | | 0.1 | mg/l | |
| ph/ntastig | | 6.1/- | 5.72/- | 6.68/- | 6.37/- | 8.61/- | 6.52/- | 6.45/- | 7.5/- | 6.43 | 6.43 | 6.43 | 6.43 | 6.31 | 6.31 | | | | | | | | | | | | | | 2.0-11.5 | ph/°C | |
| Leibni | | 123 | 293 | 293 | 0.0018 | <0.01 | <0.1 | 0.0014 | <0.01 | <0.01 | <0.01 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | | | | | | | | | | | | | | 1.0 | mS/m | |
| Liffræn klörsambönd, AOX | | 0.12 | 0.062 | 0.022 | 0.0018 | <0.01 | <0.1 | 0.0014 | <0.01 | <0.01 | <0.01 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | <0.010 | | | | | | | | | | | | | | 15 | mg/l | |
| Ola og fita | | <7.0 | 3 | 3 | 12 | <2 | <15 | 69 | <0.1 | <0.1 | <0.1 | 58.8 ³ | 19 | 19 | | | | | | | | | | | | | | | 15 | mg/l | |
| BTEX (benzen o.fl) | | 0.16 | 0.098 | 0.019 | 0.048 | <0.02 | <0.03 | <0.01 | <0.0025 | <0.0025 | <0.0025 | <0.0025 | <0.0025 | <0.0025 | <0.0025 | | | | | | | | | | | | | | 5.0 | mg/l | |
| Uppleyst efni, TDS | | | 203 | 203 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

1. Þrær 1 og 2 (50%+50%)
 2. Sennleiga röng mæling, þ.e. 100x of há
 3. Salt dreift á plan og það leysir upp óhreinindi úr malbikinu

Viðauki nr. 4



Efnamottakan hf

Yfirlit v/tæmingu á bró 2012

| Vika | kl | staða á tank | dags. Ef önnur en föstudagur |
|------|--------|---------------|------------------------------|
| 1 | 16-00 | hálfur | |
| 2 | 16-00 | nánast fullur | |
| 3 | 15-00 | nánast fullur | |
| 4 | 15-00 | hálfur | |
| 5 | 14-00 | nánast fullur | 31-01-12 |
| 6 | 13-00 | nánast fullur | 8-02-12 |
| 7 | 16-00 | hálfur | |
| 8 | 16-30 | hálfur | |
| 9 | 14-00 | nánast fullur | 28-02-12 |
| 10 | ekkert | | |
| 11 | 14-00 | nánast fullur | |
| 12 | 15-00 | hálfur | |
| 13 | ekkert | | |
| 14 | 15-00 | þrjú fjórðu | |
| 15 | 16-00 | nánast fullur | |
| 16 | 16-00 | nánast fullur | |
| 17 | 15-00 | hálfur | |
| 18 | 15-00 | hálfur | |
| 19 | 14-00 | nánast fullur | 9-05-12 |
| 20 | 15-00 | nánast fullur | |
| 21 | 16-00 | nánast fullur | 22-05-12 |
| 22 | ekkert | | |
| 23 | 16-30 | hálfur | |
| 24 | 15-00 | hálfur | |
| 25 | 16-00 | hálfur | |
| 26 | 16-00 | einn fjórði | |
| 27 | 15-00 | einn fjórði | |
| 28 | 16-00 | einn fjórði | |
| 29 | ekkert | | |
| 30 | 16-00 | hálfur | |
| 31 | 16-00 | þrjú fjórðu | |
| 32 | 15-30 | einn fjórði | |
| 33 | 15-30 | hálfur | |
| 34 | 14-30 | þrjú fjórðu | 20-08-12 |
| 35 | 16-00 | einn fjórði | |
| 36 | 15-00 | hálfur | |
| 37 | 13-30 | þrjú fjórðu | |
| 38 | ekkert | | |
| 39 | 16-00 | þrjú fjórðu | |
| 40 | 15-00 | hálfur | |
| 41 | 16-00 | hálfur | |
| 42 | 15-00 | hálfur | |
| 43 | 15-00 | hálfur | |
| 44 | 16-00 | nánast fullur | 30-10-12 |
| 45 | 14-00 | nánast fullur | 6-11-12 |
| 46 | 15-00 | hálfur | |
| 47 | 13-00 | hálfur | |
| 48 | 15-00 | nánast fullur | |
| 49 | 13-30 | nánast fullur | 4-12-12 |
| 50 | 15-00 | ekkert | |
| 51 | 15-00 | hálfur | |
| 52 | 15-00 | hálfur | |